

Ed.

784. Frumvarp

til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1933—1937, að báðum meðtöldum, greiðir rikissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr. 11500,00
2. – Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	— 4100,00
3. – Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	— 4100,00
4. – Dalasýslu	— 1100,00
5. – Barðastrandarsýslu	— 4800,00
6. – Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	— 13000,00
7. – Strandasýslu	— 2500,00
8. – Húnavatnssýslu	— 4100,00
9. – Skagafjarðarsýslu	— 4100,00
10. – Siglufjarðarkaupstað	— 7500,00
11. – Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	— 12000,00
12. – Þingeyjarsýslu	— 4800,00
13. – Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	— 7500,00
14. – Neskaupstað	— 2500,00
15. – Suður-Múlasýslu	— 7000,00
16. – Skaftafellssýslu	— 3000,00
17. – Vestmannaeyjakaupstað	— 10200,00
18. – Rangárvallasýslu	— 2000,00
19. – Árnessýslu	— 5800,00
20. Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi upp í skrifstofukostnað	— 500,00
	<hr/>
	Kr. 112100,00

2. gr.

Nú hækkar gengi gjaldeyris eða lækkar, miðað við það sem það var gagnvart gulli hinn 1. janúar 1933, og lækkar þá skrifstofuféð eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir.

3. gr.

Skrifstofuféð greiðist með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt er úr lögum numin 5. málsgr. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.